

33

12. marz

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps,
nr. 41 25. febr. 1947.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 4% af fasteignamatsverði húsanna.

Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fer fram atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 5% af fasteignarmatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

Vatnsnotkun véla skulu mæld, og greiðast 5 aurar fyrir hverja smálest á mánuði allt að 2000 smálestum, en 20 aurar á smálest fyrir eyðslu umfram á mánuði hverjum.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, sbr. 2. málsgrein 7. greinar, getur hreppsnefnd ákveðið, að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 5 aura fyrir allt að 2000 smálestir á mánuði, en 20 aurar á smálest fyrir eyðslu umfram á mánuði hverjum.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum heim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. marz 1951.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hallgrimur Dalberg.

34

12. marz

REGLUGERÐ

um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o. fl. fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

II. KAFLI

Um upprekstur.

2. gr.

Þar í sveit, sem ágreiningur kemur upp um hvar skuli telja afréttarlönd og hvar heimalönd, skal sýslunefnd skipa þrjá kunnuga menn innan sveitar til að ákveða